

Heimsótti Íslendingabyggðir í Kanada

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra var viðstödd ársþing Þjóðræknisfélags Íslands í Norður-Ameríku, [Icelandic National League of North America](#) sem haldið var í Vatnabyggð í Kanada dagana 29. og 30. apríl. Einnig heimsótti hún Íslendingaslóðir í Gimli, Arborg og Heklu-eyju í Manitoba.



Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir með rektor Manitoba háskóla dr. Emöke J.E. Szathmáry.

Menntamálaráðherra átti í Winnipeg fundi með ráðherrum í ríkisstjórn Manitoba. Á fundi með Diane McGifford, ráðherra æðri menntunar, var m.a. rætt um samstarf á háskólastigi og nemendaskipti. Þá átti menntamálaráðherra fund með Pétri Björnssyni menntamála-

ráðherra Manitoba og Eric Robinson menningarmálaráðherra þar sem ýmis sameiginleg hagsmunamál og möguleikar á samstarfi voru til umræðu.

Þá heimsótti menntamálaráðherra [Manitoba háskóla](#), skoðaði Íslenska bókasafnið og átti viðræður við forystumenn skólans, m.a. dr. Emöke J.E. Szathmáry rektor.

Í Winnipeg voru ritstjórnarskrifstofur Lögbergs-Heimskringlu heimsóttar. Það er elsta blað þjóðarbrots í Kanada og hugsanlega hið elsta í Norður-Ameríku. Heimskringla var stofnað 9. september 1886 og Lögberg 14. janúar 1888. Þessi vikublöð voru sameinuð 20. ágúst 1959 og frá ársbyrjun 2004 hefur blaðið komið út á tveggja vikna fresti.

Þar greindi ráðherra frá þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að standa straum af kostnaði við að koma Lögberg-Heimskringlu, frá upphafi, á stafrænt form.

Þörfin fyrir að yfirfæra blöðin á stafrænt form er veruleg. Í fyrsta lagi myndi slík yfirfærsla auðvelda mjög aðgang að eldri blöðum og þeim upplýsingum um samfélag Vestur-Íslendinga sem þar er að finna jafnt fyrir



Menntamálaráðherra ásamt Almari Grimssyni formanni Þjóðræknisfélagsins og Guðmundi Árnasyni ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytis fyrir utan þinghúsið í Winnipeg.

Íslendinga sem Vestur-Íslendinga.

Í öðru lagi er ljóst að þetta verkefni er brýnt til að eldri eintök af blöðunum verði aðgengileg til frambúðar. Með því að koma blöðunum á stafrænt form myndi draga mjög úr ásókn í hin prentuðu eintök.

EXPO 2005 - Heimssýningin í Japan

Heimssýningin [EXPO-2005](#) fer fram í Aichi, Japan, á tímabilinu 25. mars – 25. september 2005. Meginþema hennar er *Viska náttúrunnar*. Norðurlöndin taka sameiginlega þátt í sýningunni og eru með einn sýningarskála. Þar eru löndin að mestu kynnt sem eitt svæði og megináhersla lögð á nokkra þætti sem einkenna norræn samfélag, menningu, tækni og atvinnulíf, auk umhverfismála og jákvæðrar ímyndar landanna fyrir ferðamenn.

Brugðið er upp svipmyndum úr lífi og starfi norrænna kvenna og karla á ýmsum aldursskeiðum þ. á m. segja stuttir kvikmyndaklafr frá Íslendingi á fertugsaldri, Inga Jóhanni Guðmundssyni sem rekur útgerð og eru jafnframt nokkrir munir sem honum tengjast í sýningarskáp. Þrjú myndbönd sýna fjölbreytta íslenska hönnun þeirra Tinnu Gunnarsdóttur og Steinunnar Sigurðardóttur og hönnuðahóps þeirra Aðalsteins Stefánssonar, Hrafnkels Birgissonar og Sesselju Guðmundsdóttur sem gengið hefur undir heitinu *Hanna inc.*

Þjóðardagur Íslands verður haldinn hátíðlegur föstudaginn 15. júlí nk. Þá verður sérstök áhersla lögð á Ísland og íslenska menningu á heimssýningunni. Íslenskir listamenn koma fram og verður íslensk dagskrá allan daginn. Þeir sem kynna íslenska menningu þennan dag eru Caput tónlistarhópurinn, myndlistarmaðurinn Halldór Ásgeirsson, Kvartett Sigurðar Flosasonar ásamt Kristjönu

Stefánsdóttur og popphljómsveitinni Bang Gang. Þá verður flutt nýtt viðamikl verk, Bergmál, eftir Ragnhildi Gísladóttur og Sjón í samvinnu við þekktasta slagverksleikara Japans, Stomu Yamash'ta. Flytjendur auk Stomu Yamash'ta, Ragnhildar og Sjóns verða Sigtryggur Baldursson, Barnakór Biskupstungna og Skólakór Kársness, stjórnendur verða Þórunn Björnsdóttir kórstjóri og Hilmar Örn Agnarsson organisti. Flytjendur dagskrárinnar verða um 80 talsins.

Heiðursgestur á Íslandsdeginum verður Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og mun hann í ferðinni eiga fundi í Tokyo með japönskum ráðamönnum. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra fer fyrir sendinefnd listamanna og mun nota tækifærið til að heimsækja japanskar menntastofnanir til viðræðna um nánara samstarf.

Búist er við miklum fjölda fólks á sýninguna þá 6 mánuði sem hún stendur, eða um 12 milljón manns.

Utánríkisráðuneytið hefur haft forgöngu um undirbúning þáttökunnar af Íslands hálfu, ásamt Útflutningsráði Íslands sem sérstaklega hefur annast þá þætti er snúa að íslenskum fyrirtækjum, en skipulagningu menningarkynningar á þjóðardegi Íslands er stjórnað af menntamálaráðuneyti.

Nánari upplýsingar um norrænu þáttökuna má fá á vefsetrinu: www.nordicexpo2005.dk, en upplýsingar um sýninguna almennt er að finna á: www.expo2005.or.jp.



Menntun kennara í stærðfræði og náttúrufræðigreinum í grunn- og framhaldsskólum

Í kjölfar umræðna um hvernig staðið er að kennslu í stærðfræði og náttúrufræðigreinum í grunn- og framhaldsskólum ákvað menntamálaráðuneytið að afla upplýsinga frá skólum um menntun kennara í stærðfræði- og náttúrufræðigreinum í 7.-10. bekk grunnskóla og í framhaldsskólum. Upplýsinga var aflað frá grunnskólum á vormanuðum 2004, en í júní frá framhaldsskólum. Svör bárust frá 87% grunnskóla og 80% framhaldsskóla.

Samantekt er birt í skýrslunni: [Menntun kennara í stærðfræði og náttúrufræðigreinum í grunn- og framhaldsskólum 2003-2004](#).

Skólasókn 16 ára ungmenna hefur aldrei verið meiri

Skólasókn 16 ára ungmenna á Íslandi haustið 2004 var 93% sé miðað við öll kennsluform (dagskóla, kvöldskóla, utanskóla og fjarnám). Skólasóknin hefur aukist um rúmlega eitt prósentustig frá fyrra ári. Skólasókn 16 ára nemenda hefur nú mælst yfir 90% í þrjú ár í röð.

Heimild: Vefur Hagstofu Íslands

